

Ásahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Laugalandi
851 Hellu

Garðabær, 2. ágúst 2024
Málsnúmer: 202407-0026
MH

Efni: Efnistökusvæði við aðrennslisskurð Sigöldustöðvar: skipulagslýsing sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Ásahrepps 2020–2032

Vísað er til erindis Ásahrepps sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 11. júlí 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Ásahrepps 2020–2032 vegna efnistökusvæðis við aðrennslisskurð Sigöldustöðvar.

Breytingartillagan felur í sér að skilgreint verður nýtt efnistökusvæði við aðrennslisskurð Sigöldustöðvar. Efni hefur verið tekið af svæðinu við framkvæmdir tengdar virkjunum og vatnsmiðlun en náman er ekki á skipulagi. Efni úr námunni verður einkum nýtt við framkvæmdir í tengslum við fyrirhugaða stækkun Sigöldustöðvar. Stærð efnistökusvæðis verður um 1 ha og heimilt verður að vinna allt að 49.000 m³ af efni.

Í skipulagslýsingunni kemur fram að svæðið sem um ræðir og nágrenni þess er nú þegar töluvert raskað vegna framkvæmda og þar eru ýmis mannvirki tengd Sigöldustöð. Svæðið er ógróið og samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er þar að finna vistgerðirnar eyðimelavist og hélumosavist, sem hafa lágt til miðlungs verndargildi. Á svæðinu er ekki að finna náttúrufrýrbæri sem njóta sérstakrar verndar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og gerir engar athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur

